

Ég greindist með psoriasis þegar ég var átta ára og tók það einungis einn tíma hjá húðsjúkdómalækni að greina mig því þabbi minn er líka með psoriasis. Ég var komin með útbrot sem minntu á psoriasis og var með verki í hnjónum sem ýttu enn frekar á það að ég var send til læknis. Eftir að ég fékk greininguna fékk ég krem til að halda niðri útbrotunum en verkir í hnjónum voru óútskýrðir en talið að gætu tengst psoriasis.

Ég fór reglulega til húðsjúkdómalæknisins eftir greiningu og fékk ýmsar útgáfur af sterkum kremum sem enduðu á að vera sterakrem vegna útbrotu sem voru mismikil og versnuðu ávallt ef ekki var brugðist við fljótt með mismunandi meðferðum.

Psoriasis hefur verið minn fylgifyskur í tæplega 40 ára og er í raun orðinn algjörlega órjúfanlegur hluti af því hvernig ég lifi. Mataræði, hreyfing, svefn, kaffidrykkja, álag og sjúkdómar, jafn léttvægir og kvef hafa gríðarleg áhrif á hversu mikil útbrot ég hef hverju sinni. Ég sneydi algjörlega hjá sumum matartegundum sem mér finnst góðar, ég reyni að hafa reglu á svefninum mínum, hreyfi mig reglulega, drekk ekki kaffi og hef verið með uppáskrifuð sjúklalyf ef svo kynni að fara að ég fengi einhverjar þestir.

Ég kynntist meðferðinni í Bláa lóninu fyrir 10 árum þegar ég var svo lánsöm að skipta um húðsjúkdómalækni. Ástæðan var að ég hafði ekki áhuga á að fara á sterk lyf sem sá læknir vildi setja mig því mér fannst það ekki nauðsynlegt í minni tilviki.

Ég fór full af bjartsýni til nýs læknis sem benti mér á að meðferð sem samanstóð af lækningalind Bláa lónsins og ljósum þar gæti dugað mér. Það hljómaði mjög vel því ég hafði kynnt mér áhrif sterakrema og annarra meðferða gegn psoriasis og ég var ekki reiðubúin að stíga það skref vitandi hverjar aukaverkanirnar og langtímaáhrif gætu verið.

Ég hef verið reglulegur gestur í lækningalind Bláa lónsins og í ljósin frá árinu 2012 og á þeim tíma hef ég verið laus við útbrot og aðra fylgifyskilla psoriasis. Ég tel það alls ekki eftir mér að keyra frá Reykjavík til komast í Bláa lónið.

Fyrir mig hefur meðferð í Bláa lóninu náð að halda niðri útbrotum allt árið um kring og ég hef ekki þurft að nota önnur krem né meðferðir en frá Bláa lóninu. Ég tel að meðferðin sem að boðið er upp á í Bláa lóninu geti haldið mér frá öllum hliðarverkunum psoriasis en oft leiðir sjúkdómurinn til gigtar og óvinnuhæfni þar af leiðandi.

Fagmennskan hjá Ester og samstarfskonum hennar og þjónustan sem ég fæ í hvert skipti sem ég heimsæki Lækningalindina er frábær og það er eitthvað í vatninu sem fær mig til að vilja koma eins oft og ég get.

Ég vona að ég fái að fljóta um í Bláa lóninu til eilífðarnóns.